

Mál nr. 322/2010

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur við hringtorg á mótum Vesturlandsvegur og Þingvallavegur þann 26.8.2010.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 14.10.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.11.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið norður Vesturlandsveg að hringtorgi á mótum Vesturlandsvegur og Þingvallavegur. Við hringtorgið eru tvær akreinar á veginum í þá akstursátt sem bifreiðunum var ekið. Er komið var að hringtorginu var A ekið hægra megin fram með B, en B er dráttarbifreið sem dró festivagn. Þegar A var beygt inn á hringtorgið áleiðis inn á Þingvallaveg rákust saman að því virðist hjól eftirvagns B hægra megin og vinstri hlið A.

Ökumaður A kvað B hafa verið ekið á undan sér og hafi henni verið ekið meira á vinstri akreininni. Taldi hann víst að B yrði ekið áfram norður Vesturlandsveg. Hafi hann því ákveðið að fara yfir á hægri akreinina. Er hann hafi gert sér grein fyrir að B var beygt til hægri austur Þingvallaveg hafi hann reynt að beygja til hægri undan B. Hann kvað ökumann B ekki hafa gefið stefnumerki er áreksturinn varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið að hringtorginu og ætlað austur Þingvallaveg. Vegna lengdar bifreiðarinnar hafi hann verið á báðum akreinum er hann nálgast gatnamótin. Hann hafi litið í hliðarspegil, en enga bifreið séð. Er hann hafi verið kominn inn í hringtorgið og byrjaður að beygja til austurs hafi hann séð A við hægra afturhorn eftirvagnsins og árekstur orðið. Ökumaðurinn taldi sig hafa gefið stefnumerki áður en hann beygði.

Álit.

Samkvæmt því sem fyrir liggur um tildrög árekstursins virðist B hafa að einhverju leyti verið ekið á hægri akrein í átt að hringtorginu, en þó þannig að svigrúm var fyrir ökumann A að aka hægra megin fram með B. Ökumanni B bar að aka á hægri akrein og á ytri akrein hringtorgsins þar sem hann hugðist beygja strax til hægri út úr hringtorginu, sbr. 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þar sem ökumaðurinn átti erfitt um vik vegna lengdar bifreiðarinnar að aka eins og til var ætlast bar honum að sýna sérstaka aðgæslu við aksturinn og gæta einkum að umferð hægra megin við B. Á þessu varð misbrestur og telst ökumaður B eiga meginsök á árekstrinum. Ökumaður A gerði sér grein fyrir að B var að hluta ekið á hægri akreininni í þann mund sem henni var ekið inn á hringtorgið. Engu að síður freistaði hann þess að aka hægra megin við B. Með því gætti hann ekki þeirrar varkárni sem af honum mátti krefjast. Á hann því einnig nokkra sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber 1/3 hluta sakar á ökumann A og 2/3 hluta sakar á ökumann B.

Reykjavík, 30. nóvember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.